



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstæti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/1608**  
**komudagur 22.3.2012**

21. mars 2012

**Varðandi: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð, 559. mál.**

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök aðila í ferðaþjónustu, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð. Í frumvarpinu er lögð til tímabundin lækkun olíugjalds, vörugjalds og bensíngjalds.

Það hefur varla farið framhjá nokkrum að eldsneytisverð hefur hækkað gríðarlega að undanförmu. Slíkar sveiflur í eldsneytisverði geta valdið miklum skaða í atvinnulífinu. Þannig skapar hækkingu eldsneytisverð hættu á samdrætti í atvinnugreinum sem hafa verið í mikilli sókn á undanförmum árum. Má þar nefna ferðaþjónustuna sem dæmi, en mikil áhersla hefur verið lögð á að efla hana með markaðssetningu erlendis. Þá verður við núverandi aðstæður að horfa til þess að hækkingu eldsneytisverð hefur í för með sér aukinn flutningskostnað sem hlýtur óhjákvæmilega að fara út í verðlag og hafa áhrif á vöruverð og verð á þjónustu með tilheyrandi hækkun vísitölu neysluverðs.

Fulltrúar atvinnulífsins hafa um langt skeið bent á að auka þurfi hagvöxt til að leiða þjóðina út úr þeirri kreppu sem nú hefur staðið í á fjórða ár. Lítið hefur orðið úr því að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar í atvinnulífinu. Þá er, þrátt fyrir tekjuaukningu af eldsneytisgjöldum, eingöngu gert ráð fyrir að hluta tekna ríkissjóðs af sköttum á eldsneyti verði varið í vegaf framkvæmdir.

Samtökin telja að þótt olíugjald, vörugjald, kolefnisgjöld og bensíngjald séu krónutölugjöld þá verði ekki horft framhjá því að tekjur ríkisins af virðisaukaskatti aukast með hækkun eldsneytisverðs. Með tilkomu nýrra gjalda, s.s. kolefnisgjalda, hafi álögur á fyriræki verið auknar. Við núverandi aðstæður sé full ástæða fyrir stjórnvöld til að bregðast við hækkingu eldsneytisverði og með vísan til framangreinds mæla þau með því að frumvarpið verði samþykkt. Tímabundin lækkun á álögum ríkisins á eldsneyti myndi létta undir með íbúum og fyrirtækjum landsins og væri til þess fallin að slá á verðbólguþróun. Þetta mætti gera í ár án þess að grípa þyrfti til sérstakra mótvægisáðgerða í ríkisfjármálum þar sem heildartekjur ríkisins af eldsneytisnotkun eru, eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, umfram þær tekjuforsendur sem liggja til grundvallar fjárlögum 2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna